

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) NR .../...

frá [...]

um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um framkvæmdarreglur lofthæfis- og umhverfisvottunar loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, sérstaklega grein 80 (2),

með hliðsjón af reglugerð Evrópungisins og ráðsins (EB) frá 20. febrúar nr. 216/2008, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EEB, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, og tilskipunar 2004/36/EB,¹ einkum gr. 5(5),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að bæta hagkvæmni í vottunarferli í Evrópu er nauðsynlegt að innleiða breytingar á kröfum og ferlum fyrir vottun á loftförum og tilheyrandi framleiðsluvörum, íhlutum og búnaði sem og hönnunar- og framleiðslufyrirtækjum, sérstaklega til að koma aftur á samkvæmni á vottun aukaafstöðva og samþykki á viðgerðum á þeim einingum.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur lofthæfis- og umhverfisvottunar loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja² ætti því að breyta til samræmis.
- 3) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð byggja á álitum sem gefið er út af Flugöryggisstofnun Evrópu³ í samræmi við greinar 17(2)(b) og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 4) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð eru í samræmi við álit Flugöryggisstofnunar Evrópu sem stofnsett var með gr. 65(4) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1702/2003 er hér með breytt sem hér segir:

1. *Viðaukanum (liður-21) er breytt samkvæmt viðauka við þessa reglugerð.*

¹ ESB L 79, 19.03.2008, bls.1

² ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6. Reglugerð eins og síðast var breytt af reglugerð (EB) nr. 1057/2008 (ESB L 283, 28.09.2008, bls. 30)

³ Álit 02/2009 varðandi "Viðgerðir og hönnunarbreytingar á evrópskum tækniforskriftum (European Technical Standard Order – ETSO)"

*2. gr.
Gildistaka*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún hefur verið birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar

VIÐAUKI

1. Viðauka (lið-21) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1702/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) Í atriði 21A.263(c), er atriði (5) skipt út fyrir eftirfarandi:
 5. til að samþykkja hönnun stórvægilegra viðgerða á framleiðsluvörum eða aukaafstöðum (APU) sem það hefur tegundarvottorð, viðbótar-tegundarvottorð eða ETSO leyfi fyrir.
- 2) Í atriði 21A.431, er atriði (d) skipt út fyrir eftirfarandi:
 - d) Viðgerðarhönnun á ETSO hlut öðrum en aukaafstöð (APU) skal líta á eins og breytingu á ETSO hönnun og framkvæma í samræmi við 21A.611.
- 3) Í atriði 21A.433(a), er atriði (1) skipt út fyrir eftirfarandi:
 1. Sýna samræmi við tegundarvottunargrunn og umhverfisverndunarkröfur sameinaðar með tilvísun í tegundarvottorð, viðbótar-tegundarvottorð eða APU ETSO leyfi, eins og við á, eða þau sem eru í gildi á dagsetningu umsóknar (fyrir hönnunarviðgerðarsamþykki), auk allra breytinga á kröfustöðlum eða sérstökum aðstæðum sem Stofnunin telur nauðsynlegar til að koma á öryggisstigi sem jafngildir því er komið er á með vottunargrunni sem felldur er inn eftir tilvísun í tegundarvottorð, viðbótar-tegundarvottorð eða APU ETSO leyfi.
- 4) Í atriði 21A.433, er atriði (b) skipt út fyrir eftirfarandi:
 - b) Þegar umsækjandinn er ekki handhafi tegundarvottorðs, viðbótar-tegundarvottorðs eða APU ETSO leyfis, eins og við á, skal umsækjandi fara eftir skilyrðum í málsgrein (a) með notkun eigin aðfanga eða samkvæmt fyrirkomulagi með handhafa tegundarvottorðs, viðbótar-tegundarvottorðs og APU ETSO leyfis, eins og við á."
- 5) Atriði 21A.437 er skipt út fyrir eftirfarandi:

21A.437 Útgáfa samþykkis vegna hönnunarviðgerða

Þegar því hefur verið lýst yfir og sýnt fram á að hönnunarviðgerð mæti viðeigandi vottunarkröfum og umhverfisverndarkröfum í 21A.433 (a) (1), skal það samþykkt:

- a) af Stofnuninni eða
 - b) af viðeigandi samþykktri stofnun sem jafnframt er handhafi tegundarvottorðs, viðbótar-tegundarvottorðs eða APU ETSO leyfis, samkvæmt ferli sem samþykkt er af Stofnuninni eða
 - c) fyrir minniháttar viðgerðir eingöngu, af viðeigandi samþykktri hönnunarstofnun samkvæmt ferli sem samþykkt er af Stofnuninni.
- 6) Í atriði 21A.445, er atriði (b) skipt út fyrir eftirfarandi:
- b) Þegar stofnunin sem metur tjón undir málsgrein (a) er hvorki Stofnunin né handhafi tegundarvottorðs, viðbótar-tegundarvottorðs eða APU ETSO leyfis, skal viðkomandi stofnun sýna fram á að upplýsingarnar sem hún byggir mat sitt á séu viðunandi annað hvort miðað við eigi aðföng eða samkvæmt fyrirkomulagi með handhafa tegundarvottorðs, viðbótar-tegundarvottorðs, APU ETSO leyfis eða framleiðanda, eins og við á.

- 7) Í atriði 21.451(a), er atriði 1 (ii) skipt út fyrir eftirfarandi:
- ii) felst í samstarfi við handhafa tegundarvottorðs, viðbótar-tegundarvottorðs og við APU ETSO leyfishafa, samkvæmt 21A.433 (b), eins og við á.
- 8) Í atriði 21A.451, er atriði (b) skipt út fyrir eftirfarandi:
- b) Að handhöfum tegundarvottorða undanskildum eða APU leyfishöfum sem falla undir 21A.44, skal handhafi samþykkis fyrir minniháttar hönnunarviðgerð:
 - 1. skuldbinda sig samkvæmt 21A.4, 21A.447 og 21A.449; og
 - 2. tilgreina auðkenni, þar með taldir EPA stafir, í samræmi við 21A.804(a).
- 9) Í atriði 21A.604, er atriði (b) skipt út fyrir eftirfarandi:
- b) Undirliður D eða undirliður E í þessum lið 21 gildir fyrir samþykkt á hönnunarbreytingum með frávikum frá 21A.611. Þegar undirliður E er notaður, skal gefa út aðskilið ETSO leyfi í staðinn fyrir viðbótar-tegundarvottorði.
- 10) Í atriði 21A.604, er atriði (c) skipt út fyrir eftirfarandi:
- c) Undirliður M í þessum lið 21 gildir fyrir samþykki vegna hönnunarviðgerða.